

Sb. 732. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarmál.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga og gera tillögur um, með hverjum hætti best verði af opinberri hálfu greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum landsins.

Skal stjórnin svo fljótt sem kostur er láta afla gagna um þá tækni í húsabyggingum erlendis, sem þar hefur rutt sér til rúms hin síðari ár og líkur væru til, að okkur mætti að haldi koma.

Þá skal stjórnin og leita álits og tillagna byggingarfróðra manna hér á landi um nýja tilhögun við húsagerð, er leiða mætti til þess, að byggingum skilaði fljótar áfram og drægi jafnframt úr kostnaðinum.

Enn fremur skal ríkisstjórnin láta taka til endurskoðunar löggjöf þá, sem nú gildir um byggingarmál í landinu.

Verði athugun þessa máls hraðað sem mest, svo að stjórnin geti sem fyrst lagt fram álit og tillögur um málið.